

3. júní 1969.

317

Nr. 183.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 159 20. sept. 1962,
um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:
Uppsagnarfræstur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en 4 mánuðir.

2. gr.

20. gr. orðist svo:
Stjórn hlutaðeigandi starfsmannafélags tekur af þess hendi ákvörðun um uppsögn kjarasamnings. Nú kemur fram ósk í stjórn starfsmannafélags eða af hálfu hlutaðeigandi sveitarstjórnar um, að um þá ákvörðun fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla, og skal slík atkvæðagreiðsla þá fara fram meðal starfsmanna þeirra, er í hlut eiga, til samþykktar eða synjunar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. júní 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

30. maí 1969.

Nr. 184.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Listaverkasjóð Húsmæðrakennarskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. maí 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Listaverkasjóð Húsmæðrakennarskóla Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Listaverkasjóður Húsmæðrakennarskóla Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að afla listaverka til að prýða húsakynni skólans og umhverfi.

Ætlazt er til, að sjóðurinn starfi að staðaldri.

B 39

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 6000.00, sem nemendur brautskráðir frá skólanum 1947 og 1948, leggja fram.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, sem honum berast.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, sem er formaður, einn fulltrúi tilnefndur af skólanefnd og einn fulltrúi tilnefndur af stjórn Nemendasambands Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

5. gr.

Sjóðstjórn hefur heimild til að ráðstafa fé sjóðsins til kaupa á listaverkum skv. 2. gr.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningar hans skulu gerðir upp og endurskoðaðir á sama hátt og aðrir reikningar skólans.

7. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari.

Nr. 185.

3. júní 1969.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Þjóðviljann, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júní 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þjóðviljann.

1. gr.

Sett skal á fót stofnun, sem hefur það að meginverkefni að gefa Þjóðviljann út sem dagblað í Reykjavík, samkvæmt nánari ákvæðum í skipulagsskrá þessari.

2. gr.

Stofnunin heitir Þjóðviljinn og skal vera sjálfseignarstofnun með heimili og varnarþingi í Reykjavík.

3. gr.

Þjóðviljinn skal vera mál gagn sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis.

4. gr.

Eignir stofnunarinnar eru: Nafnið Þjóðviljinn, öll réttindi, vélar, tæki, áhöld, birgðir, hlutabréf og allar aðrar eignir, hverju nafni sem nefnast, að engu undanskildu, sem nú tilheyra Þjóðviljanum eins og hann var gefinn út af Sameiningarflokki alþýðu — Sósíalistaflokknum, sem nú hefur hætt störfum. Með eignum þessum og öllum öðrum eignum, sem Þjóðviljanum kunna að áskotnast síðar, ábyrgist stofnunin fjárhagsskuldbindingar sínar, auk annarra ábyrgða og trygginga, sem hún getur aflað sér, — sbr. 8. gr. Skuldir Þjóðviljans yfirtekur stofnunin allar.